

Alyktun vorþings Kvinnalistsans, sem haldið var dagana 25.-27. maí 1984.

Konur hafa á undanförnum misserum unnið ötulléga að réttindamálum sínum. Umræðan um nauðsyn þess að bæta hag og stöðu kvenna hefur margfaldast og konur hafa bundist samtökum um einstök hagsmunamál sín.

En betur má ef duga skal. Konur hafa að meðaltali nær helmingi lægri laun en karlar og því hefur kjaraskerðingin bitnað harðast á þeim, svo og öðrum sem lægstu launin hafa.

Störf kvenna eru mikilvæg og nægir að vísa til þess hvað gerast myndi ef allar íslenskar konur leggðu niður vinnu. Á stuttum tíma myndi skapast algert öngþveiti. Þrátt fyrir þessa staðreynd þykir sámandi að vanmeta störf kvenna, hvort sem það er úti á vinnumarkaðnum eða inni á heimilunum. Við svo búið má ekki standa, störf kvenna verður að endurmeta.

Réttarstaða heimavinnandi kvenna er óviðunandi t.d. hvað varðar lífeyrisréttindi og tryggingabætur. Framkvæmd þeirra mála sýnir í raun að húsmæður eru lægra metnar en aðrir þegnar þessa lands og er það í hrópandi ósamræmi við allan fagurgala um að heimilið sé hornsteinn þjóðfélagsins. Yfir 80% kvenna eru nú starfandi úti á vinnumarkaðnum og því verður að mæta með að tryggja konum lengra fæðingarorlof og börnum nægilegt dagvistarrými og samfelldan skóladag. Samfélagið verður að viðurkenna breytta þjóðfélags-hætti og láta af þeirri villu að ekkert hafi breyst í íslensku þjóðfélagi í áratugi. Félagsleg vandamál spretta m.a. af slæmum aðbúnaði fjölskyldna. Fyrir utan mannlegar þjáningar þá kostar það margfalt meira í beinhörðum krónum að leysa félagsleg vandamál en að fyrirbyggja þau.

Í framhaldi af þessu mótmæli Kvinnalistsinn harðlega því verðmatamati og þeirri skammsýni sem endurspeglast í ákvörðunum ráðamanna um skiptingu sameiginlegra fjármuna. Má þar t.d. minna á nýlegan niðurskurð á þjónustu fyrir aldraða, þátttöku ríkisins í tannlæknakostnaði, framlagi til skólamála og heilbrigðisþjónustu og ónóg framlög til

Um samstöðu og baráttlu kvenna í vestríðinu

Lánamál  
teknimál

Andvörn  
Um miðstærð ríkissjómann  
Spenn. um afleiðingu af skattsekkur

Spenn. um þriðj. miðstöð milli kvenna og þranna

þ sé hægt að leggja út af vaxandi hlutf. sem er að breiðka það og myndad slæra miðstöð milli kvenna og þranna og þá heyrir sé.

fyrirbyggjandi aðgerða í fíkniefnamálum. Þess í stað er fjármunum ausið í óarðbærar fjárfestingar, eins og flugstöð og bankahallir og tekjustofnar ríkisins skertir t.d. með því að lækka gjöld á bönkum og öðrum viðskiptastofnunum. Á þetta hefur Kvinnallistinn margt bent.

*Sigr. Dína*

Kvinnallistinn leggur hins vegar áherslu á stóraukna uppbyggingu íslensks atvinnulífs og aukna fjölbreytni í íslensku efnahagslífi. Þar bendum við á nýjar búgreinar, fullvinnslu matvæla, líftækni og rafeindaiðnað. Kvinnallistinn einn íslenskra stjórn málafla hafnar aukinni stóriðjuuppbyggingu sem hingað til hefur verið lögð mest áhersla á. Stóriðja er gamaldags og úreltur atvinnu- og framleiðslukostur og nú eru öll framsæknustu iðnaðarríki heims að flytja stóriðju sína úr landi til að rýma til fyrir hagkvæmari iðnaði heima fyrir. Stóriðja er fjárhagslega óarðbær og kallar á aukin ítök erlendra aðila í íslensku efnahagslífi. Stóriðja er mengandi og náttúru-spillandi og hefur hlutfallslega upp á ákaflega fá og dýr störf að bjóða. Á undanfórnum árum hefur einnig verið farið of hratt í virkjanaframkvæmdir vegna stóriðju og er þar að finna eina meginorsök erlendrar skuldasöfnunar. Í stað stóriðjuframkvæmdanna viljum við að íslensk atvinnuuppbygging nýti okkar eigin hugvit og þekkingu og helst okkar eigið hráefni líka. Á þennan máta telur Kvinnallistinn atvinnulífi landsmanna best borgið.

Vorping Kvinnallistans skorar á allar íslenskar konur að beita sér hver á sínum vettvangi fyrir bættum hagkvæmna og óskar að lokum landsmönnum öllum gleðilegs sumars.

*Nýsköpun  
i atvinnulífi  
frítar og  
væðing  
kópurs - vaxandi  
um kvæmna  
árangurinn.*

*þessi -*